

Orða- og hugtakaspjöld

Á tveimur spjöldum

Orð eða hugtak á öðru en skýringin á hinu.

Það getur verið betra að kennarinn skrái orð og orðskýringar í byrjun sem fyrirmynd að vinnubrögðum. Þegar nemandinn vinnur svona kort þarf að ganga úr skugga um hvort orðskýringar séu réttar og frágangur þannig að kortin verði eiguleg eða nothæf.


Dæmi um úrvinnslu:

Tvö spjöld, á öðru spjaldinu er orð og hinu útskýring. Spjöldunum dreift og síðan eru spjöldin pörðuð saman, með upplestri þ.e. einhver les orð og sá sem telur sig vera með orðskýringuna gefur sig fram. Ef rétt reynist fer samstæðan upp á vegg. Þetta má líka nota í hópaskiptingu eins og að nemendur með samstæður vinna saman og fl.

Kortavinna


Orð og orðskýring á einu spjaldi

Það má líka hafa orð og orðskýringu á sama spjaldinu og safna í box sem nota má í uppbrot í tíma. Það má líka draga spjald og skrá orð og orðskýringu í vinnubók og teikna útskýringamynd. Þá er hægt að draga orð og leika það eða kennari dregur orð og spyr nemanda eða hóp um útskýringuna. Ef þeir svara rétt fá þeir t.d. stig eða eitthvað annað, það fer allt eftir bekkjaranda og venjum.



Dæmi um orða-hugtakaskýringar, hér á næstu síðu, sem kennari og nemendur unnu.

Spilliefni	Eiturefni t.d. eins og eru í rafhlöðum. Þessi efni eru hættuleg lífverum og mega því ekki lenda í jörðinni. Það þarf að flokka þau frá ruslinu og skila þeim á endurvinnslustöðvar.
Fyrirvaralaust	Óundirbúið, án þess að fá tíma eða tækifæri til þess að undirbúa sig, fá ekki að vita eitthvað áður en það gerist.
Bráðnun	Þegar sólin skín á snjókarl þá lekur hann niður og hverfur. Snjórinn hefur breyst úr föstu efni í fljótandi við hitann. Sagt er að snjór ----, ís -----.
Ósjálfrátt	Eitthvað sem gerist án þess að einhver stjórni því. Til dæmis þegar hjartað slær eða þegar við forðum hendinni frá eldi.
Jarðvegur	Yfirborð jarðarinnar sem við notum til þess að gróðursetja í, þar lifa líka mörg skordýr. Þetta er mold sem hefur orðið m.a. til úr dauðum laufblöðum, skordýrum. Þetta er oft kölluð mikilvægasta auðlind jarðar.
Vistvænt	Efni sem mengar ekki umhverfið, loft, vatn eða jarðveg .
Varasamt	Hættulegt, getur valdið skaða eða tjóni. Eitthvað sem við þurfum að passa okkur á.
Storkna	Sama og að harðna eins og kertavax. Andheiti- bráðna
Líklega	Það er ekki öruggt að eitthvað gerist en miklar líkur á því. Eitthvað sem við getum verið nokkuð örugg um að gerist en við getum ekki verið 100% viss.
Gróðursnautt	Þar sem ekki er mikill gróður. Við notum þetta orð oft þegar við erum að lýsa eyðimörk eða hálendi.
	Eitthvað sem er rétt að gera. Eitthvað sem passar saman.

Viðeigandi	Eins og í samstæðuspili. Þetta getur líka átt við hegðun. Að grenja af frekju og henda sér í gólfið ef maður fær ekki eitthvað er ekki _____ þegar maður er 12 ára. (Andstæða – óviðeigandi)
Hringrás	 <p>Eitthvað sem fer í hring Draga úr - endurnýta - endurvinna Rigning- vatn - gufar upp- ský - rigning</p>
Óvissa	Eitthvað sem er ekki alveg víst, við getum farið í ferðalag þar sem við fáum ekki að vita hvert við förum þá er þetta orð notað. _____ ferð Þetta er líka notað þegar ekki er vitað hvaða áhrif eitthvað hefur Líka í stærðfræði þegar útreikningar eru ekki 100% nákvæmir.
Seigt	Þetta getur átt við þegar maður borðar kjöt sem maður þarf að tryggja mikið. Þetta orð er líka notað þegar einhver er duglegur eða þrjóskur.
Títt	Eitthvað sem gerist oft. Líka: Hvað er ____? = Hvað er að fréttu?
Harðgert	Getur átt til dæmis við blóm sem vex á fjöllum , þar sem kalt og vindasamt. Eitthvað sem þolir mikið.
Gáru	Litlar öldur sem koma af litlum vindi eða golu. Þá verður vatnið úfið (eins og ógreitt).
Hafflötur	Það sem er efst á sjónum. Yfirborð hafsins.
Geðjast að	Líka við eitthvað eða einhvern.